

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR FEBG 2025

Aðalfundur Félags eldri borgara í Garðabæ, haldinn í Jónshúsi, fimmtudaginn 6.mars 2025.

Formaður félagsins, Anna R. Möller, setti fundinn og bauð félag og gesti velkomna í Jónshús. Gestir fundarins voru: Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Elín Þuríður Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Jónshúss og þau Bára Ólafsdóttir og Sævar Þór Gylfason frá Janus Heilsueflingu.

Formaður upplýsti að á fundinum væri stödd Laufey Jóhannsdóttir, fyrrverandi formaður, sem ætti afmæli og bað fundarmenn að syngja fyrir afmælisbarn dagsins. Að loknum afmælissöng minntist formaður félagsmanna, sem látist hafa frá síðasta aðalfundi, og bað fundarmenn að votta þeim virðingu sína með því að rísa úr sætum.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður lagði til að Eysteinn Haraldsson tæki að sér fundarstjórn og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið og lagð til að Lára Kjartansdóttir tæki að sér fundarritun sem var samþykkt. Fundarstjóri lýsti yfir að löglega hefði verið boðað til aðalfundarins með auglýsingu á heimasíðu félagsins, Facebook, Instagram og í Garðapóstinun og að fyrsti liður á dagskrá væri skýrsla stjórnar flutt af formanni félagsins.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Anna R. Möller formaður tók til máls og sagði frá því að fyrir ári hafi hún verið kosinn formaður FEBG og tekið við af Laufeyju Jóhannsdóttur. Taldi síðan upp aðra, sem kosnir voru í stjórn og hvernig verkefni skiptust. Engilbert Gíslason varaformaður, Lára Kjartansdóttir ritari, Magnús Halldórsson meðstjórnandi. Í varastjórn Sigríður Jóhannesdóttir, Bryndís Sveinsdóttir og Finnbogi Alexandersson. Sagði aðalstjórn og varastjórn vinna sem ein heild, haldnir hafi verið 15 stjórnarfundir á árinu og þakkaði stjórnarfólkinu öllu fyrir gott samstarf. Fór síðan ítarlega yfir árið, sem liðið er, viðburði, ferðir og starfsemi félagsins, sem er mjög fjölbreytt.

Skýrsla stjórnar fylgir með fundargerðinni.

3. Ársreikningur lagður fram til umræðna og afgreiðslu

Fundarstjóri kynnti að gjaldkeri félagsins, Sturla Þorsteinsson, tæki næst til máls og myndi kynna og fara yfir ársreikningana. Sturla sagði skemmtilega frá því hvernig kom til að hann tók að sér að vera gjaldkeri félagsins og með aðstoð Ingibjargar, eiginkonu sinnar, ásamt Önnu formanni hafi verkefnið gengið mjög vel.

Las síðan upp reikninga félagsins, lið fyrir lið, fyrir árið 2024 og kynnti með aðstoð skjávarpa. Nefndi að félagsgjöldin og framlag Garðabæjar væru hæstu tekjurnar. Rekstrartekjur ársins voru kr. 32.756.421 og rekstrargjöld kr. 37.119,323. Neikvæð niðurstaða kr. 4.362.902. Vaxtatekjur voru kr. 533.527 og tap ársins því kr. 3.829,375. Efnahagsreikningur félagsins sýnir veltufjármuni kr. 7.707.617, eigið fé 6.154.214 og skuldir kr. 1.553.403, þannig að skuldir og eigið fé er alls kr. 7.707.617.

Rekstrarniðurstaðan er ekki mjög jákvæð, í fyrsta sinn í sögu félagsins er tap, sem er ekki ásættanlegt og þarf að skoða og taka ákvarðanir um.

Borið undir atkvæði og samþykkt athugasemdarlaust.

4. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs kynnt

Anna formaður tók til máls, sagðist fyrst vilja minnst á eitt atriði sem hún hafi gleymt í skýrslu sinni sem er samsöngur í Jónshúsi á föstudagsmorgnum sem er mjög vel sótt og eitt það besta sem fer fram hér í Jónshúsi. Fór síðan yfir fjárhagsáætlun ársins. Framlag frá Garðabæ verður 17 milljónir á árinu. Einnig er tillaga frá félaginu um að hækka félagsgjöld og eins verður lagt til örlítill hækkun á hreyfingu en komið hefur fram ósk um hækkun á launum leiðbeinenda. Fór síðan yfir breytingar sem lagðar eru fram og tölur sem gætu komið félaginu aftur í plús. Miðað við að 2100 iðkendur greiði árgjaldið er gert ráð fyrir að áætlaðar tekjur verði kr. 35.946.315 og gjöldin kr. 35.097.265. Tekjur umfram gjöld yrðu því kr. 849.050.

5. Ákvörðun árgjalds

Fundarstjóri sagði að fyrir lægi tillaga um að hækka félagsgjaldið í kr. 4000.

Tillaga kom úr sal um að hækka félagsgjaldið í 5 þúsund.

Komu fram athugasemdir frá tveim félagsmönnum um að 5 þúsund sé of mikið

Báðar tillögur bornar undir atkvæði fundarmanna og samþykkt kr. 4.000 af meirihluta atkvæða.

6. Lagabreytingar

Fundarstjóri sagði að búið væri að fara yfir breytingar á lögum og kynnti að Bergþóra Sigmundsdóttir myndi kynna tillögurnar sem síðan yrðu bornar upp til samþykktar eða synjunar.

Bergþóra sagði að fáar efnislegar breytingar væru til umræðu, aðallega smá breytingar og viðbætur og fór síðan yfir breytingarnar í 1. og 2. gr. Þar stendur: „Félagið er óháð stjórnámálum og hlutlaust í trúmálum.“ Sturla Þorsteinsson tók til máls og sagði að hann legði til að tekið væri út „hlutlaust í trúmálum.“

Borið upp og samþykkt með meirihluta að greinin standi óbreytt enda þurfa 2/3 fundarmanna að samþykkja lagabreytingar..

Bergþóra fór síðan yfir 3. gr, sem var samþykkt samhljóða.

4. grein. 3. mgr og 4. mgr eru nýjar. 3.mgr „Við inngöngu í félagið skal greiða innskráningargjald sem jafngildi upphæð félagsgjalds yfirstandandi árs.“

4.mgr. „Félagar 90 ára og eldri greiða ekki félagsgjöld.“ Samþykkt samhljóða.

5. gr. Um Aðalfund, þar sem bætt var við um samfélagsmiðla, 3 mgr sem segir að kynna þarf breytingar 2 vikum fyrir aðalfund, sem ekki var áður. 5 gr borin upp og samþykkt samhljóða.

6. og 7. grein. Dagskrá aðalfundar. Farið yfir allar mgr. Borið upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

8. grein lesin upp og samþykkt samhljóða.

9. grein Félagsfundir. Engar breytingar. Samþykkt samhljóða.

10. grein. Lesin upp. Þarf 2/3 atkvæða til að slíta félaginu. Borið upp til atkvæðis og samþykkt samhljóða.

11. grein lesin upp og borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Borin voru síðan upp lögin í heild sinni, eins og þau höfðu verið lesin upp. Samþykkt samhljóða.

7. Kosningar

- a) **Kosning formanns.** Núverandi formaður, **Anna R. Möller**, gefur kost á sér áfram. Samþykkt með lófaklappi.
- b) **Kosning fjögurra manna í stjórn.** Þeir aðilar sem voru í stjórn gefa kost á sér áfram.: **Engilbert Gíslason, Lára Kjartansdóttir, Magnús Halldórsson, Sturla Þorsteinsdóttir.** Samþykkt með lófaklappi.
- c) **Kosning þriggja varamanna.** **Bryndís Sveinsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir** gefa kost á sér áfram og **Helgi Halldórsson** gefur kost á sér í varastjórn. Samþykkt með lófaklappi.
Finnbogi Alexandersson gengur úr stjórn samkvæmt 5 ára reglunni.
- d) **Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga FEBG og eins til vara, alla til eins árs:** **Daði Guðmundsson, Gunnar Gunnlaugsson og Ástbjörn Egilsson** til vara gefa kost á sér áfram. Samþykkt með lófaklappi.

8. Önnur mál

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, tók til máls og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf. Samkennd var honum ofarlega í huga og ræddi um það hugtak/orð. Vakti athygli á góðu samstarfi félagsins við bæinn, sem skipti miklu máli. Öldungaráð er starfrækt lögum samkvæmt, þar er Harpa Rós Gísladóttir formaður. Aðgerðaráætlun í málefnum eldri borgara var rædd nýlega á fundi ráðsins og vilji til þess að vinna við áætlunina gangi vel. Velta þarf fyrir sér hvað hefur gengið vel og hvaða áherslur þarf að bæta. Ræddi um samning við félagið og sagðist stoltur af fólki sem vinnur við þennan málaflokk. Sagðist myndi láta sjá sig fljótlega, eins og fyrir ári, þegar hann færði skrifstofu sína í Jónshús einn dag. Fer aftur á flakk fljótlega. Fór yfir skipulag Garðabæjar og nefndi það sem snýr að eldri borgurum. Það stýttist í að auglýstar verði lóðir fyrir íbúðir eldra fólks í Hnoðraholti fyrir svipuð hús og þau sem standa við Unnargrund. . Hjúkrunarheimili í Vetrarmýrinni væri á dagskrá í samvinnu um ríkisstjórn. Tók undir með formanni með dagdvölinu í Ísafold. Ýmis önnur félög væru einnig að taka þátt í þessum málum með fjárstyrk. Lambamýri á Álftanesi ný félagsmiðstöð sem mun breyta miklu þegar hún verður tekin í notkun. Hvatti fólk til að koma með hugmyndir sem væru vel þegnar. Fór á lokum með vísu sem fjallar um hest á Álftanesi, þakkaði fyrir sig og óskaði félagsmönnum til hamingju með daginn.

Fundarstjóri spurði hvort væru einhverjar athugasemdir. Einn viðstaddra tók til máls og spurði með stækkun á Jónshúsi. Bæjarstjórinn sagði það ekki vera á dagskrá en ræddi um möguleika. Ekki tóku fleiri til máls.

Fundarstjóri afhenti síðan fundinn til formanns til slita.

Formaður þakkaði traustið við að kjósa sig aftur til formanns. Sagðist hafa gleymt að nefna Pool hópin sem mætir í Jónshús daglega kl. 8,30 og fór stuttlega yfir það.

Finnbogi Alexandersson, sem nú hættir í stjórn, hafi því miður þurft að hverfa af fundi en honum hafi verið færður blómvöndur í þakklætisskyni og bað um bókun þess

efnis í fundargerð. Bauð síðan viðstöddum að fá sér kaffi og meðlæti, þakkaði Eysteini fyrir góða fundarstjórn og öðrum í stjórn fyrir sín störf. Sleit síðan fundi kl. 15.35.

Fundinn ritaði Lára Kjartansdóttir